

## Molar

Hinn árlegi kirkjudagur Lækjaráss var þann 16. desember. Farið var í messu kl 10.30 í Grensáskirkju og síðan var borðaður hátíðarmatur í Lækjarási á eftir.



Þann 3. des var bilstjórum Allrahanda boðið upp á kaffi og smákökur í Setrinu og þann 10. var öllum í Lækjarási boðið í heitt súkkulaði og smákökur í Setrinu. Þetta er skemmtileg hefð sem komst á meðan Setrið var í Húsinu og var ákveðið að halda þessum skemmtilega síð áfram þrátt fyrir flutning



## GLEÐILEG JÓL



## KVEÐJA FJÖLMÍÐLAKLÚBBURINN

Lækjarás, dagþjónusta

Stjórngróf 7, 108 R.vík

Sími: 414-0560

Netfang: laekjaras@styrktarfelag.is



# Lækjaráspósturinn

5. tbl.

Desember 2009

4.árg.

## Menningarvika í Lækjarási




Hrafnninn sem Vinnukot kom með skoðaður. Sungið og lesið var um hann.



Sigga Maja og Margrét lesa upp ljóð



Galleríið og skrifstofan héldu menningarbingó. Bingóvinningarnir voru ljóðaupplestur, leikþættir og upplestur á söngtextum



Auðunn les frumsamið ljóð í menningarbingóinu

## Hvað borðar þú á jólunum ?

Blaðamenn Lækjarásspóstsins fóru á stúfana í Lækjarási og spurðu fólk hvað það borðar á jólunum

**Sigrún Hallgrímsdóttir** – borðar rjúpu, með villibráðasósu , rauðbeður og brúnaðar kartöflur. Eftirrétturinn er heimalagaður ís



**Kristín Ásgeirsdóttir** - borðar kalkún, Waldorfsalat, sætar kartöflur og heimagerður rauðkál. Eftirrétturinn er heimagerður möndluís



**Guðjörg Haraldsdóttir** - Hamborgarhryggur, sætar kartöflur, Waldorfsalat. Eftirrétturinn er Tobleroneís.



**Halla Birgisdóttir** - borðar rjúpu, brúnaðar kartöflur, Waldorfsalat og rjúpu-sósu. Eftirrétturinn er vanillu- og toblerone ís



## Vanillu ís a la Nína

10 egg

500 gr strásykur

1 l þeyttur rjómi

2-4 msk vanilludropar

Það má sleppa vanilludropum og setja etv. líkjör og uppáhalds súkkulaðið sitt eða sælgæti í staðin s.s. snickers, mars, oþh.

### Aðferð:

Byrja á að þeyta rjómann setja í aðra skál og inn í kæli

Þeytta saman egg og sykur í ljósa og létta froðu

Hræra varlega saman eggjahræru og rjóma með sleikju og vanilludropa

Sett í form sem er kælt með köldu vatni og hrist innan úr

Sett í frysti í c.a. 4 klst.

Verði ykkur að góðu.



Egg



Sykur



Rjómi



Ís

